



Alþingi
Erindi nr. P 127/177
komudagur 21.11.2001

20. nóvember 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um persónuafslátt barna, 151. mál.

Í bréfi dags. 5. nóvember 2001 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um persónuafslátt barna, 151. mál.

Það er pólitískt álitæfni í hve miklum mæli beri að styrkja foreldra til að framfleyta börnum sínum. Slík álitæfni eru ekki beinlínis á verksviði Seðlabankans. Hins vegar er mikilvægt vegna hagstjórnar að veitt aðstoð sé fjármögnuð tilhlýðilega en henni ekki mætt með hallarekstri ríkissjóðs. Seðlabankinn hefði af því áhyggjur ef útgjaldaaukning af þeirri stærðargráðu sem þingsályktunartillagan kallar á yrði afgreidd án samsvarandi tekjuöflunar eða niðurskurðar til mótvægis.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir mjög miklum útgjaldaauka, talsvert meiri en nemur því sem nú er varið til greiðslu barnabóta. Börn innan 16 ára sem njóta barnabóta samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt en njóta ekki sjálfstæðs persónuafsláttar eru um 70 þúsund talsins. Hálfur persónuafsláttur mundi nema um 156 þús.kr. á hvert þeirra á næsta ári. Frekari útfærsla og tekjur barna ráða hvernig þessi viðbótarafsláttur nýtist. Vegna þess hve hátt hlutfall framfærenda greiðir tekjuskatt og hve stór hluti barna hefur litlar tekjur virðist þó tiltölulega varfærið að reikna með 70% nýtingu. Miðað við það má ætla að tekjutap ríkissjóðs yrði um 7½ ma.kr. á ári. Til samanburðar gerir frumvarp til fjárlaga 2002 ráð fyrir að barnabætur nemi um 5 ma.kr. Benda má á að umfangsmiklar breytingar voru gerðar á


SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK


SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

fjárhæðum og skilmálum barnabóta með lögum nr. 166/2000. Með þeim var stefnt að hækkun barnabóta um hartnær 2 ma.kr. á árunum 2001-2003. Sá viðbótarstuðningur við barnafjölskyldur sem stefnt er að með þingsályktunartillögunni er mun viðameiri. Nauðsynlegt er að tillit verði til þess tekið við meðferð tillögunnar.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar



Finnur Ingólfsson
bankastjóri